



Reykjavíkurborg

skrifstofa þjónustu og reksturs

Reykjavík, 20. febrúar 2017

R17020162

2350

Borgarráð

Tjarnagötu 11
101 REYKJAVÍK

Aðgengisviðurkenning Reykjavíkurborgar

Á fundi mannréttindaráðs þann 14. febrúar s.l. var lögð fram og samþykkt eftirfarandi tillaga ; Lagt er til að aðgengisviðurkenning Reykjavíkurborgar verði afhent í fyrsta sinn þann 10. mars í tengslum við alþjóðlegan dag aðgengis fyrir alla þann 11. mars.

Greinagerð:

Þann 11. mars nk. verður haldinn alþjóðlegur dagur aðgengis fyrir alla. Í tilefni dagsins halda Öryrkjabandalagið, Blindrafélagið, Verkís hf. og Átak, félag fólks með þroskahömlun, þann 10. mars málþing um algilda hönnun í samstarfi við Ferðamálastofu, Mannvirkjastofnun og Vegagerðina. Lagt er til að aðgengisviðurkenning Reykjavíkurborgar verði afhent í fyrsta sinn í tengslum við þann viðburð. Óskað verður eftir tilnefningum vegna viðurkenningarinnar og tilnefna má einstaklinga, hópa, félagasamtök, fyrirtæki eða stofnanir sem á eftirtektarverðan hátt hafa staðið vörð um gott aðgengi. Lagt er til að í valnefnd verði formaður mannréttindaráðs, formaður ferlinefndar, fulltrúi mannréttindaskrifstofu auk tveggja fulltrúa tilnefndum af ferlinefnd. Um þessar mundir stendur yfir vinna við gerð heildstæðrar stefnu um aðgengismál í Reykjavík jafnt í byggingum og borgarrýmum. Á þeim vettvangi sem og í ferlinefnd Reykjavíkurborgar hefur verið rætt um mikilvægi þess að gera aðgengismálum hærra undir höfði. Sérstök viðurkenning sem veitt er árlega er talin jákvæð aðgerð í þeirri viðleitni. Afhending aðgengisviðurkenningar er ætlað að varpa ljósi á það sem vel er gert í málaflokknum. Óverulegur kostnaður er talinn fylgja afhendingu viðurkenningarinnar.

Tillagan er send borgarráði til kynningar.

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir
Mannréttindastjóri Reykjavíkur

